



## Leiðbeiningar vegna sýnatöku við grun um matarbornar (hóp-)sýkingar

### Hvenær skal taka sýni?

Ábendingar fyrir sýnatökum við matarbornar sýkingar geta verið mismunandi. Ef til staðar er grunur um hópsýkingu er mikilvægt að ná til sem flestra sem allra fyrst með sýnatökum. Í öðrum tilfellum, þar sem fólk leitar til heilsugæslunnar vegna niðurgangs eða kviðverkja og orsök að einhverju leyti ókunn er eðlilegt að bíða með sýnatöku í að minnsta kosti 4–5 daga, nema önnur einkenni, svo sem hiti og almennt ástand, gefi tilefni til annars.

### Hvers konar sýnaglös skal nota?

Við saursýnatökur er æskilegt að nota sýnaglös með flutningsæti (s.s. Cary-Blair), en séu þau ekki til staðar má notast við sýnaglös án ætis.

### Hvaða rannsóknir skal panta og hvernig?

Sé klínískur grunur um matarborna iðrasýkingu er fyrsta skrefið að gera víðtæka leit að iðrasýkinga-völdum, sem geta verið bakteríur, veirur eða sníkjudýr. Þar eð leit að bakteríum og sníkjudýrum fer fram á sýkla- og veirufræðideild LSH (SVEID) við Barónsstíg, en veiruleit á SVEID í Ármúla 1a þarf að taka sýni í tvö glös og fylla út tvær beiðnir í Cyberlab kerfinu:

- Bakteríu- og sníkjudýrleit („Saur – almenn rannsókn“)
- Veiruleit („Saur sýni í veiruleit“)

Vakni grunur um hópsýkingu er hægt, að beiðni sóttvarnalæknis, að velja gjaldfrjálsa rannsókn vegna tilkynningarskyldra sjúkdóma í Cyberlab (undir liðnum undanþága sem er aftast í Cyberlab beiðni).

### Hvernig fer sýnataka fram?

Í gæðahandbók sýkla- og veirufræðideildar LSH (SVEID) má finna eftirfarandi leiðbeiningar um sýnatökur:

**„Sýnataka:** Ýmsar aðferðir hafa verið notaðar við saursýnatöku. Hægðir má losa í hreina bekju eða í kopp sem skolaður hefur verið með sjóðandi vatni. Ef koppur er ekki við hendina, má losa hægðir á pappír eða plastfilmu sem límd er á klósettsetu. Einnig má leggja pappadisk eða skál í salernisskálina, eða kljúfa plastpoka til að fá stóra plastfilmu sem lögð er á milli salernisskálar og setunnar, þannig að filman myndi einskonar skál í salernisskálinni. Notið einnota hanska þegar sýnið er tekið. Ef um niðurgang er að ræða skal taka sýnið frá fljótandi hægðum. Ef slím, blóð eða gröftur er til staðar skyldi taka sýni þaðan.

**Magn sýnis:** 2 ml (svarar til 10–20% af flutningsætinu).

**Sending sýnis:** Best er að sýnið berist sem fyrst á rannsóknarstofuna. Sýni sem ekki er hægt að rannsaka innan 24 klst. frá töku skal geyma í kæli (2–8°C) og rannsaka innan fimm daga.“

### Hversu langan tíma tekur að fá svar við rannsókn?

Búast má við niðurstöðum úr PCR-rannsóknum samdægurs eða næsta virka dag, en ræktun eftir 2–3 sólarhringa.